

Hlíf Sigurjónsdóttir lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1974, þar sem hún var nemandi Björns Ólafssonar. Næstu árin stundaði hún nám í háskólanum í Indiana í Bandaríkjunum og í Toronto í Kanada og í listaháskólanum í Banff í Kanada. Hún hefur síðar kennt tónlist á Ísafirði og í Reykjavík, verið starfandi með kammersveitum og stærri hljómsveitum hér, í Sviss og Þýskalandi auk þess sem hún hefur haldið einleikstónleika.

Svissneski sellóleikarinn **Christian Giger** er nemandi hjá prófessor Boris Pergamenschikow í Hochschule für Musik í Köln og hefur auk þess numið kammertónlist hjá Amadeus kvartettinum. Christian hefur unnið til fjölda verðlauna og hefur meðal annars leikið einleik með sinfóníuhljómsveitunum í St. Gallen og Winterthur.

David Tutt, sem er búsettur í Sviss, stundaði nám í heimalandi sínu, Kanada og hjá prófessor Gyorgy Sebok í Háskólanum í Indiana í Bandaríkjunum. Hann hefur víða komið fram sem einleikari, héraendis og beggja vegna Atlantshafsins.

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hlíf Sigurjónsdóttir
fíðluleikari,
Christian Giger
sellóleikari
og
David Tutt
píanóleikari



6. janúar 1990
kl. 17:00

Felix Mendelssohn sem fullu nafni hét Jacob Ludvig Felix Mendelssohn fæddist árið 1809 í Hamborg, en lést í Leipzig 1847, aðeins 38 ára. Hann samdi tvö píanótrío og er það sem hér er flutt ákaflega vinsælt bæði af flytjendum og áheyrendum með léttum og hrífandi laglínnum. Haft er að orði að Scherzo kaflann hafi aðeins Mendelssohn getað samið.

Johannes Brahms fæddist í sömu borg og Mendelssohn árið 1833 og lést í Vínarborg 1897. Það verk hans sem hér er flutt á sér forvitnilega og skemmtilega sögu. Þessu fyrsta kammerverki Brahms lauk hann er hann var á 21. aldursárinu, en áður hafði hann eingöngu samið sönötur fyrir píanó. Brahms sagði sjálfur seinna að þetta verk væri villt, en nokkuð hefur honum þótt í þetta verk spunnin því 36 árum síðar (1890) endursemur hann þrjá kafla þess og breytir þessu æskuverki sínu í verk fullþroskaðs listamanns. Scherzo þættinum (Allegro molto) hélt hann að mestu óbreyttum.

Efnisskrá

| | |
|----------------|--|
| F. Mendelssohn | Píanótrío nr 1 í d-moll óp. 49 Molto allegro e agitato Andante con molto tranquillo Scherzo Allegro assai appassionato |
| J. Brahms | Píanótrío í H-dúr ópus 8 Allegro con brio Allegro molto Adagio Allegro |